

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna verslunar
og þjónustu við Þjósársbraut 2 í landi Stórhólts.

Skipulagsstofnun staðfesti 27. febrúar 2025 breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 17. desember 2024.

Í breytingunni felst skilgreining á 3,21 ha verslunar- og þjónustusvæði (VP26) og minnkar landbúnaðarsvæði í samræmi. Áformuð er uppbygging á 350 m² þjónustuhúsi með allt að 20 gistirúmum og 40 gestahúsum með allt að 80 gistirúmum, um 30 m² hvert.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 27. febrúar 2025.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 13. mars 2025